FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/178 **2026/EES/53/17**

frá 23. janúar 2026

um leyfi fyrir gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þetta efni var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. apríl 2024 ([3]) að gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. sé ekki áhyggjuefni fyrir skammlíf dýr (dýr sem eru ætluð til eldis) upp að tilteknum hámarksstyrk sem er frekar tilgreindur fyrir hverja tegund. Hún tók fram að ekki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um langlíf dýr og undaneldisdýr vegna skorts á greiningargögnum um fyrirkomu ein- eða tvíformýlaðra samsettra efna af asýlflóróglúsínólum með terpenum í tinktúrunni og vegna skorts á gögnum um eiturhrif. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að ekki sé búist við að gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. skapi öryggisvanda fyrir neytendur eða áhættu fyrir umhverfið ef hún er notuð upp að tilgreindum hámarksstyrk fyrir hverja tegund. Hún komst að þeirri niðurstöðu að gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Þar eð lauf af *Eucalyptus globulus* Labill. og blöndur þeirra eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri væri í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/178, 26.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 5, e8801, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8801.

6) Umsækjandinn dró í kjölfarið umsóknina um leyfi fyrir gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. til baka fyrir allar dýrategundir og -flokka að undanskildum eldiskalkúnum, eldiskjúklingum og aukategundum alifugla til eldis, eldissvínum, eldissvínum af aukategundum svína, eldiskálfum, sauðfé og geitum til eldis, eldisnautgripum og öðrum jórturdýrum til eldis, dýrum af úlfaldaætt til eldis, eldiskanínum, laxfiskum (öðrum en eldisstofnum) og aukategundum fiska (öðrum en eldisstofnum).

7) Í ljósi ofangreinds telur framkvæmdastjórnin að gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar eldiskalkúna, eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, eldissvín, eldissvín af aukategundum svína, eldiskálfa, sauðfé og geitur til eldis, eldisnautgripi og önnur jórturdýr til eldis, dýr af úlfaldaætt til eldis, eldiskanínur, laxfiska (að undanskildum eldisstofnum) og aukategundir fiska (að undanskildum eldisstofnum). Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Matvælaöryggisstofnunin telur að tilvist efnis sem gefur tilefni til áhyggna, metýlevgenóls, krefjist fastsetningar á hámarksinnihaldi aukefnisins í heilfóðri og að blöndun gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. við önnur plöntuaukefni sé leyfð að því tilskildu að styrkur metýlevgenóls í fóðri og fóðurblöndum sé áfram lægri en sá sem myndi leiða af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

9) Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð þar sem þess er krafist að fóðuraukefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Að sama skapi ætti að samþykkja reglugerð varðandi fóðuraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.

10) Ef um er að ræða fóðuraukefni þar sem umsókn hefur verið dregin til baka fyrir tilteknar dýrategundir eða -flokka ætti brotthvarf af markaði einungis að varða þessar dýrategundir eða -flokka.

11) Þess vegna ætti að taka gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. af markaði að því er varðar dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem er veitt með þessari reglugerð.

12) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

13) Að því marki sem fóðuraukefnið er tekið af markaði er auk þess einnig viðeigandi að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af aukefninu sem um er að ræða og af forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum sem hafa verið framleidd með þessu aukefni þar til þær eru uppurnar, einnig að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Taka af markaði

Fóðuraukefnið gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill., eins og það er leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skal tekið af markaði að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við leyfið

1. Fóðuraukefnið gúmviðartinktúra úr *Eucalyptus globulus* Labill. sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, eldissvín, eldissvín af aukategundum svína, eldiskálfa, sauðfé og geitur til eldis, eldisnautgripi og önnur jórturdýr til eldis, dýr af úlfaldaætt til eldis, eldiskanínur, laxfiska (að undanskildum eldisstofnum) og aukategundir fiska (að undanskildum eldisstofnum) og sem eru framleidd og merkt fyrir 15. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóður sem inniheldur fóðuraukefnið sem um getur í 1.mgr., sem eru ætluð fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, eldissvín, eldissvín af aukategundum svína, eldiskálfa, sauðfé og geitur til eldis, eldisnautgripi og önnur jórturdýr til eldis, dýr af úlfaldaætt til eldis, eldiskanínur, laxfiska (að undanskildum eldisstofnum) og aukategundir fiska (að undanskildum eldisstofnum) og sem eru framleidd og merkt fyrir 15. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við töku af markaði

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefninu gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 15. febrúar 2027.

2. Forblöndur sem eru framleiddar með fóðuraukefninu sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 15. maí 2027.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðuraukefninu sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum, til 15. febrúar 2028.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer Fóðuraukefn-isins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b185-t	Gúmviðartinkt-úra	*Samsetning aukefnis* Tinktúra úr laufum *Eucalyptus globulus* Labill. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Gúmviðartinktúra: Tinktúra eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1) sem er fengin úr þurrkuðum laufum *Eucalyptus globulus* Labill. með útdrætti með blöndu úr vatni og etanóli, pressun og síun. CoE-númer: 185 Nákvæm skilgreining: Þurrefnisinnihald: 1,77–1,98% Heildarfenólsambönd (2): ≤ 0,491% Galleplasýra: ≤ 0,303% Ellagínsýra: ≤ 0,018% Flavonóíð (3): ≤ 0,032% 1,8-síneól (evkalyptól): ≤ 0,0036% Metýlevgenól: ≤ 0,00012% *Greiningaraðferð* (4) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — litrófsmæling til að ákvarða heildarinni-hald pólýfenóla og flavonóíða	Eldiskalkúnar	-	-	5	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun gúmviðartinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að styrkur metýl-evgenóls í fóðurefnum og fóðurblöndum sé lægri en sá sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksstyrk eða tillögðum styrk fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra.	15. febrúar 2036
			Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis	-	-	4		
			Eldissvín	-	-	7		
			Eldissvín af aukategundum svína	-	-	6		
			Eldiskálfar	6 mánuðir	-	16		
			Sauðfé og geitur til eldis	-	-	14		
			Eldisnautgripir, önnur eldisjórturdýr að undanskildu sauðfé, geitum og eldiskálfum allt að 6 mánaða gömlum; dýr af úlfaldaætt til eldis	-	-	14		

Kenninúmer Fóðuraukefn-isins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		— gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) til að ákvarða 1,8-síneól (plöntuefnafræðilegt merkiefni) — háþrýstiþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða galleplasýru (plöntuefna-fræðilegt merkiefni)	Eldiskanínur	-	-	6	4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	
			Laxfiskar og aukategundir fiska, að undanskildum eldisstofnum	-	-	15		

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Gefið upp sem galleplasýrujafngildi (GAE).
(3) Gefið upp sem kersetínjafngildi.
(4) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.